

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis**

16. apríl 2008

**Málefni:**

**Umsögn Jóhannesar Sturlaugssonar f.h. rannsóknafyrirtækisins Laxfiska ehf til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis um "Frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð" (Þskj. 855 - 554. mál á 135. löggjafarþingi '07-'08)**

Undirritaður sendir hér Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd umsögn f.h. rannsóknafyrirtækis undirritaðs Laxfiska ehf vegna áðurnefnds lagafrumvarps sem tekið var til 1. umræðu á Alþingi 15. apríl 2008. Undirritaður óskar einnig eftir því að fá að koma á fund Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar til að fylgja eftir umsögn þeirri sem hér er send inn með frekari kynningu sjónarmiða með það að markmiði að lagasetningin tryggi eðlilega starfshætti Fiskræktarsjóðs.

Fiskræktarsjóður er helsti mögulegi vettvangur þess að afla styrkja til brýnna rannsókna laxi og silungi og vistfræði þeirra. Því þarf ekki að spyrja að því hve mikilvægur slíkur sjóður er fyrir framgang framsækinna rannókna ekki síst fyrir einkarekna rannsóknaaðila sem geta ekki lagt með sér fjármuni almennings líkt og ríkisreknar rannsóknastofnanir. Góð lög um Fiskræktarsjóð eru því kjölfesta fyrir framþróun í rannsóknum á ferskvatnsfiskum og fiskrækt. Í þessari umsögn er áhersla lögð á að benda á atriði sem þarf að skerpa eða bæta við í lagafrumvarpinu til að tryggja að starfshættir Fiskræktarsjóðs séu óháðir hagsmunaaðilum og skili þeim árangri sem lagt er upp með rekstri sjóðsins.

Af efni lagafrumvarpsins þá verða hlutar af 6. og 8. grein gerðir að umtalsefni hér.

6. gr.

Álagning og innheimta gjalds af veiðitekjum.

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 5. gr. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Í ofangreindri upphafssetningu 6. greinar er þörf á að breyta skilyrðum sem varða það að setja heimild í lögin sem kveða á um að Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sé heimilt að fela innheimtu öðrum. Líkt og nánar verður vikið að í skýringum með breytingartillögum hér að neðan þarf að koma í veg fyrir að hagsmunatengdir aðilar hjá ríkinum fái að sjá um fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð líkt og verið hefur með tilheyrandi álitshnekkjum fyrir starfsemi Fiskræktarsjóðs. Í hinu fallinu er allsendis óþarft að bæta við enn frekari möguleikum þ.e.a.s. með því að setja fjárhagslega umsýslu Fiskræktarsjóðs í hendurnar á aðilum utan ríkisgeirans sbr. endir 1. málsgreinarinnar felur í sér (eða öðrum aðilum innheimtu þess).

*Breytingartillaga (skáletrað)*

6. gr.

## Álagning og innheimta gjalds af veiðitekjum.

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 5. gr. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela *öðrum ríkisaðilum innheimtu gjalda og tilheyrandi fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð að því gefnu að hagsmunaa- og/eða vanhæfistengsl viðkomandi aðila við Fiskræktarsjóð séu ekki til staðar.*

Undirritaður hefur ítrekað farið fram á að það við Landbúnaðarráðuneyti að starfshættir fjárhagslegrar umsýslu Fiskræktarsjóðs séu hafnir yfir öll óeðlileg hagsmunatengsl og annað vanhæfi öllum hagsmunaaðilum til hagsbóta (sjá öll erindi í fylgiskjölum sem send voru Landbúnaðarráðuneytinu). Ástæðan var einfaldlega sú að þau mál hafa verið og eru enn í megnum ólestri. Við setningu þessara laga er því kærkomið lag að koma þessum málum í lag með réttum skilgreiningum.

Hvað er það þá í fjárhagslegri umsýslu Fiskræktarsjóðs sem er í ólagi? Ástæðan er fólgin í þeirri einföldu staðreynd að Veiðimálastofnun sér um alla fjárhagslega umsýslu fyrir sjóðinn en er á sama tíma einn þeirra aðila sem sækir árlega um styrki í sjóðinn. Reyndar er það svo að Veiðimálastofnun hefur árum saman fengið í sínar hendur megnið af árlegri úthlutun styrkfjár úr Fiskræktarsjóði. Vinnan sem Veiðimálastofnun sinnir fyrir Fiskræktarsjóð er í höndum skrifstofustjóra Veiðimálastofnunar og að minna leyti gjaldkera og öðrum starfsmönnum Veiðimálastofnunar. Engin ástæða er til að ætla annað en að starfsmönnum Veiðimálastofnunar hafi gengið vel að sinna vinnu sinni fyrir Fiskræktarsjóð. Vandamálið felst í því að hagsmunaaðili á borð við Veiðimálastofnun getur ekki án þess að vanhæfi hljótist af, setið beggja vegna borðsins eins og þarna er um að ræða. Fiskræktarsjóður er á meðan þessu varir því ekki óháður eins og skylt er að gildi um rannsóknasjóði. Víst er að í fjölda ára hefur samkeppni verið um rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra, bæði grunnrannsóknir og þjónusturannsóknir og allan þann tíma var því umrædd vinna Veiðimálastofnunar fyrir Fiskræktarsjóð alls ekki við hæfi. **Einn ganginn enn er þörf á því að minna á þá hrópandi staðreynd að Veiðimálastofnun á lögum samkvæmt að stunda rannsóknir á fiskum og umhverfi þeirra en ekki á fjármálum annarra ríkisstofnanna.** Rekstur Veiðimálastofnunar undanfarin ár undirtrikar ennfremur að tíminn sem fer í fjárhagslega umsýslu fyrir aðra rekstraraðila væri betur nýttur í eigin ranni.

Í frumvarpi til laga um starfsemi Fiskræktarsjóð verður í ljósi forsögunnar að tryggja í 6. grein að Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (Fiskistofa) geti ekki samið við Veiðimálastofnun eða starfsmenn hennar um fjárhagslega umsýslu Fiskræktarsjóðs líkt og verið hefur. Á sama tíma þarf í 8. grein (sjá nánari umfjöllun hér að aftan) að koma í veg fyrir annað vanhæfi við afgreiðslur mála. Sú staðreynd að Veiðimálastofnun hefur séð hvorutveggja um fjárhagslega umsýslu og fyrirspurnaþjónustu fyrir Fiskræktarsjóð sýnir siðleysið og ólögmatið sem í slíkri

tilhögun felst. Nefna má að Veidimálastofnun sá þar til fyrir skömmu einnig um fjárhagslega umsýslu fyrir annan "óháðan" ríkisaðila á sama fagsviði nefnilega embætti Veidimálastjóra það sama og nú á að flytja með nýjum lögum undir Fiskistofu sem lax- og silungsveiðisvið.

Í fylgiskjölum með þessari umsögn fylgja (sjá upptalningu í lok erindis) kærur til Úrskudarnefndar um upplýsingamál og til Landbúnaðarráðuneytis og um leið til Landbúnaðarráðherra sem skv. núgildandi lögum hefur lagalega yfirumsjón með Fiskræktarsjóði. Af þeim kærum og úrskurðum vegna þeirra má sjá hve mikilvægt það er að girða fyrir þann möguleika að vanhæfi í störfum Fiskræktarsjóðs komi niður á störfum hans hvort heldur er vegna tortryggilegrar fjárhagsumsýslu eða stjórnarmanna sem taka ákvarðanir sem samrýmast ekki lögum (skipunartími manna útrunninn, vanhæfir o.fl.). Mikilvægt er að menn kynni sér þessi gögn til að sjá hve djúpt þetta vanhæfi ristir. Gott dæmi um það er að fjárhagsumsýsla Veidimálastofnunar fyrir Fiskræktarsjóð felur í sér að Veidimálastofnun veit árlega upp á hár hvernig rekstrarstaðan er hjá öllum veiðifélögum landsins og öðrum veiðiréttarhöfum. Umrædd aukastörf Veidimálastofnunar utan þeirra starfa sem lög kveða á um að stofnunin eigi að sinna gefur þeim upplýsingar um helstu viðskiptavinum rannsóknaraðila og dýrmæt tengsl við þá sem styrkja samkeppnisstöðu stofnunarinnar þrátt fyrir að slíkt ætti ekki að vera gerlegt m.t.t. samkeppnislaga og gildandi siðferðisviðmiða. Dýrmæt tækifæri sem skapast vegna samskiptanna hafa m.a. áhrif á öflun þjónustuverka fyrir umrædda aðila, varða færi á að hefja samstarf við þá eða bara færi á að afla rannsóknasvæða fyrir eigin grunnrannsóknir hjá Veiðifélögum og öðrum veiðiréttarhöfum.

Óskað er eftir því að 8. grein frumvarpsins verði löguð með eftirfarandi texta (skáletraður texti) til að koma í veg fyrir að vanhæfi fái að viðgangast í starfsháttum Fiskræktarsjóðs.

#### 8. gr.

#### Úthlutanir úr Fiskræktarsjóði.

Fyrir 1. september hvert ár skal stjórn Fiskræktarsjóðs gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Reglurnar skulu áður bornar undir ráðherra til samþykktar.

Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði í samræmi við gildandi lána- og úthlutunarreglur.

Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Matvælastofnunar um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þyki þess þörf.

Fiskræktarsjóði er heimilt að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

***Stjórnarmenn Fiskræktarsjóðs geta ekki samhliða setið í stjórnnum eða ráðgjafanefndum fyrirtækja eða stofnanna sem stunda rannsóknir og/eða ræktun á ferskvatnsfiskum. Stjórnarmenn sem hafa tengsl við aðila styrkumsókna eða lánaumsókna sem varða sameiginlega hagsmuni eða annað vanhæfi skulu víkja þegar fjallað er um umrædd málefni.***

Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

***Ákvarðanir Fiskræktarsjóðs er hægt að kæra til ráðherra.***

Breytingartillögur fela í sér þá eðlilegu kröfu að stjórnarmenn í Fiskræktarsjóði geti ekki samhliða setið í ráðgjafanefndum eða stjórnnum fyrirtækja eða stofnanna sem stunda rannsóknir eða ræktun á ferskvatnsfiskum. Með því er komið í veg fyrir algert vanhæfi sem augljóslega væri til staðar því annað tveggja væri málefni viðkomandi rannsóknar- eða ræktunaraðila til umfjöllunar hjá sjóðnum eða málefni frá samkeppnisaðilum hans og viðkomandi því nánast ónýtanlegur í störfum sjóðsstjórnar. Að slíkum mönnum frátöldum myndu viðkomandi landsambönd og ráðherra leitast við að skipa í sjóðsstjórnina menn sem hafa reynslu á sviði fiskræktar- og rannsóknamála. Slíkir menn myndu annað slagð hafa óeðlileg hagsmunatengsl eða önnur vanhæfistengsl við aðila sem leita eftir styrkjum eða lánnum frá Fiskræktarsjóði. Í þeim tilfellum myndu þeir víkja sæti þegar umræður um þau mál færu fram. Reynslan af starfsháttum Fiskræktarsjóðs sem meðal annars endurspeglast í meðfylgjandi fylgiskjölum sýnir að ákvæði stjórnsýslulaga hafa ekki dugað ein og sér af því að mönnum líðst að fara eftir eigin brjóstviti á því hvað sé vanhæfi og ekki samkvæmt stjórnsýslulögunum og að sinna ekki úrskurðum ráðuneytisins sem eru þeim í óhag. Af þessum ástæðum þarf að ganga frá orðalagi á ofangreindan máta svo að hægt sé að koma starfsháttum Fiskræktarsjóðs hvað þetta varðar í lag.

Fylgiskjölin með þessari umsögn sem eru jafnframt hluti umsagnarinnar, sýna að rík ástæða er til að hafa ákvæði í lögum um Fiskræktarsjóð um að ákvarðanir sjóðsins sé hægt að kæra til ráðherra. Í stað texta 8. greinar sem kveður á um að ákvarðanir Fiskræktarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi er því sett ákvæði sem gerir fært að kæra úrskurði Fiskræktarsjóðs. Þegar skoðaðir eru úrskurðir við þeim 3 erindum (kærum) sem undirritaður lagði fram til að leita skýringa og um leið réttar síns þá eru rök Fiskræktarsjóðs í öllum tilfellum véfengd sem ómálefnaleg af úrskurðaraðila stjórnsýslunnar líkt og af kæranda, með úrskurðum undirrituðum í hag. Um er að ræða 1 úrskurð Úrskurðarnefndar um upplýsingamál og 2 úrskurði Landbúnaðarráðuneytis. **Ekki er síður lærdómsríkt að skoða hvað Fiskræktarsjóður gerði við úrskurði Landbúnaðarráðuneytisins sem voru báðir þeim í óhag, eða eins og réttara væri að segja gerði ekki við úrskurðina.** Í fyrra tilfallinu breytti úrskurður Landbúnaðarráðuneytis engu um afstöðu Fiskræktarsjóðs og sjóðurinn ákvað að drepa málinu á dreif. Í síðari úrskurðinum frá því í október 2007 hefur Fiskræktarsjóður ekki svo mikið sem sent undirrituðum línu enda þótt liðið sé hálf ár frá því að ákvörðun um synjun umræddrar styrkumsóknar hafi verið úr gildi felld af ráðuneytinu. Víst er að margs konar vanhæfi sem þar kom við sögu hefur örugglega ekki hvatt Fiskræktarsjóðsmenn til svara. **Meðal annars er það ekki til að prýða ferilskrá stjórnarmanna að hafa starfað megnið af árinu 2007 án umboðs (skipunartími runnin út) og hafa á þeim tíma ráðstafað heils árs fjárveitingu sjóðsins umboðslausir.** Er furða að þetta dæmi og aðrir starfshættir Fiskræktarsjóðs sem eru í ólestri og nefndir hafa verið geri þá lágmarkskröfu til Alþingismanna að þeir setji klásúlu í lög um Fiskræktarsjóð sem girða af vanhæfi í störfum og kveði á um að úrskurðir sjóðsins séu kærnanlegir til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Undirritaður vill í lokin ítreka beiðni sína til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um að þeir þingmenn sem þar sitja taki til greina þau rök sem hér hafa verið færð fram studd stjórnisýsluúrskurðum um nauðsyn þess að breyta texta í verðandi lögum um Fiskræktarsjóð þannig að komið sé í veg fyrir að hagsmunatengsl og annað vanhæfi hamli eðlilegum starfsháttum Fiskræktarsjóðs. Þó breytingarnar láti ekki mikið yfir sér við fyrstu sín þá ráða þær til framtíðar heilsufari þess starfsumhverfis sem Fiskræktarsjóður ræður svo miklu um vegna mikilvægis styrkja sjóðsins í fiskirannsóknnum og fiskrækt.

Með réttlætiskveðju og fyrirfram þökk,

*JÓHANNES STURLAUGSSON*

Jóhannes Sturlaugsson f.h. Laxfiska ehf

**Fylgiskjöl umsagnar:**

1-3. Kæra Laxfiska til Landbúnaðarráðuneytis (10. ág. 2007 og viðtargögn 29. ág.2007) og úrskurður Landbúnaðarráðuneytis (30. okt. 2007).

**ÚRSKURÐAÐ LAXFISKUM/JÓHANNESI Í HAG**

4. Erindi sent Landbúnaðarráðuneytinu 26. apríl 2006 - Ósk um að Veiðimálastofnun hætti að sjá um fjárhagslega umsýslu fyrir aðrar ríkisstofnanir Landbúnaðarráðuneytisins vegna hagsmunaárekstra - vanhæfi o.fl. **Engar úrbætur gerðar.**

5. Erindi sent Landbúnaðarráðuneytinu 26. apríl 2006 - Vanhæfi Óðins Sigþórssonar stjórnarmanns Veidimálastofnunar til setu í stjórn Fiskræktarsjóðs **Engar úrbætur gerðar.**

6-7. Kæra Laxfiska til Landbúnaðarráðuneytis (1. desember 2004) og úrskurður Landbúnaðarráðuneytis (14. febrúar 2005). **ÚRSKURÐAÐ LAXFISKUM/JÓHANNESI Í HAG.**

8. Úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál (Forsætisráðuneytið) í kjölfar kæru, þ.s. fjallað var um aðgang Jóhannesar Sturlaugssonar að gögnum hjá Fiskræktarsjóði og Veidimálastofnun sem vörðuðu rannsóknaverkefni sem hann skipulagði og var verkefnisstjóri að þegar starf hans var lagt niður hjá Veidimálastofnun. Úrskurðinn er hægt að sjá á vefsíðu Úrskurðarnefndar um upplýsingamál (A-170/2004 Úrskurður frá 26. mars 2004) með því að fara á eftirfarandi tengil: <http://ursk.forsaetisraduneyti.is/urskurdir/nr/1550>.

**ÚRSKURÐAÐ JÓHANNESI Í HAG.**



Tölvupóstfang: [Johannes@laxfiskar.is](mailto:Johannes@laxfiskar.is)

Laxfiskar ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær  
Sími: 064 78 80

Mosfellsbær 9. ágúst 2007

**Málefni:** Kæra Laxfiska ehf/Jóhannesar Sturlaugssonar vegna starfshátta Fiskræktarsjóðs

- Störf sjóðsins þ.m.t. afgreiðsla styrkumsókna samrýmist ekki stjórnsýslulögum né samkeppnislögum.
- Ítrekuð er hér ósk um að skorið verði á ólögmæt tengsl Fiskræktarsjóðs og Veiðimálastofnunar með hliðsjón af stjórnsýslulögum, jafnræði og samkeppnislögum.
- Ósk um að afgreiðslu Fiskræktarsjóðs 2007 á styrkumsóknum sé hnekkkt með vísun í vanhæfi Fiskræktarsjóðs.

Sæll Einar Kristinn,

Í bréfum sem undirritaður sendi í apríl 2007 til fyrirrennara þíns Guðna Ágústssonar og ráðuneytisstjóra hans í Landbúnaðarráðuneytinu er farið fram á að lagfærð sé það sem ég kallaði í bréfi minu “gersamlega óhæf stjórnsýsla” með hliðsjón af stjórnsýslulögum og samkeppnislögum (sjá meðfylgjandi viðhengisskjöl). Hér er lögð fram kæra vegna styrkafgreiðslu Fiskræktarsjóðs frá maí 2007.

Í bréfi frá Fiskræktarsjóði í maí s.l. er undirrituðum tjáð að rannsóknafyrirtæki hans Laxfiskar ehf hafi ekki fengið styrk úr Fiskræktarsjóði vegna verkefnisins “Áttun og rötun laxa í sjó” þar sem öðrum verkefnum hafi verið forgangsraðað framfar. Verkefnið sem var miðlungi stórt skipti miklu fyrir áframhald grunnrannsókna hjá Laxfiskum og því var niðurstaða sjóðsins vissulega mikil vonbrigði enda ljóst að framsækið verkefnið myndi skila nýjum gagnlegum upplýsingum líkt og forathuganir 2006 höfðu sýnt. Hér ber þó að geta þess að lítið rannsóknaverkefni á vegum Laxfiska (Gönguhegðun bleikju í Þingvallavatni) fékk styrk 2007. Styrkir Fiskræktarsjóðs fóru líkt og fyrri ár að mestu leyti til Veiðimálastofnunar.

Undirritaður fer fram á að Landbúnaðarráðuneytið sjái nú í eitt skipti fyrir öll til þess að koma í veg fyrir þau lögbrot sem felast í því að Veiðimálastofnun sjái um fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð sem og annað vanhæfi/ólögmæti sem skapast hefur af beinum tengslum Veiðimálastofnunar og Fiskræktarsjóðs. Fiskræktarsjóður og Veiðimálastofnun eiga í orði kveðnu að heita hlutlausir aðilar en veruleikinn er vægast sagt annar. Þessi krafa er sett fram fyrir hönd eigin rannsóknafyrirtækis sem er málsaðili og ennfremur fyrir eigin hönd sem vísindamanns sem starfar sjálfstætt að rannsóknum á ferskvatnsfiskum. Víst er að sem einkaaðili á þessu rannsóknasviði þar sem Fiskræktarsjóður ræður mestu um það styrkfé sem til skiptanna er þá er ekki gerlegt lengur að bíða eftir úrbótum á þeirri vanhæfu sem að fólgin eru í tengslum Fiskræktarsjóðs við Veiðimálastofnun. Þar til bætt hefur verið úr þeim málum er ekki mögulegt að samþykkja að styrkúthlutanir Fiskræktarsjóðs séu hlutlausar, það segir sig sjálf.

Í ljósi þess óskar undirritaður eftir því að afgreiðslur sjóðsins frá sumarbyrjun 2007 séu ómerktar. Þá sem fyrr sá Veiðimálastofnun um fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð og svo er enn þrátt fyrir að formlega hafi undirritaður enn einn ganginn áður en að Fiskræktarsjóður tók ákvörðun sína farið fram á það að þessum málum væri komið í lag. Þessi tengsl og sú staðreynd að Veiðimálastofnun á ævinlega því láni að fagna að fá megnið af árlegu styrkfé Fiskræktarsjóðs er nægilega ástæða þess að nú sé eitthvað gert í málunum. Hafa verður í huga að nú sem aldrei fyrr var búið að óska eftir því að samræma starfsemina lögum sem gilda um löglega starfshætti m.t.t. stjórnýslu og eðlilegrar samkeppni með því að láta Veiðimálastofnun hætta að sjá um fjármál Fiskræktarsjóðs og með því að koma í veg fyrir annað vanhæfi. Því til viðbótar óhæfunni sem fólgin er í því að Veiðimálastofnun sjái um fjármálin fyrir Fiskræktarsjóð þá sat við afgreiðslu styrkumsókna 2007 Óðinn Sigþórsson sem sat sem fyrr hvorutveggja í stjórn Fiskræktarsjóðs og Veiðimálastofnunar og það sama gæti hafa gilt um fleiri stjórnarmenn Fiskræktarsjóðs sem er algert vanhæfi þ.s. sjóðurinn fjallar um styrkumsóknir Veiðimálastofnunar annarsvegar og hinsvegar styrkumsóknir aðila sem keppa við Veiðimálastofnun um fjármagn úr sjóðnum. Í kjölfar afgreiðslu Fiskræktarsjóðs hefur það eitt breyst að ný lög um Veiðimálastofnun sem samþykkt var í lok júní 2006 fól í sér að stjórn Veiðimálastofnunar var lögð niður og við átti að taka s.k. ráðgjafanefnd.

Víst er að nýr ráðherra landbúnaðarmála gefur vonir um að gengið verði í að lagfæra þá starfshætti sem hér hafa verið nefndir sem í senn eru ólögmatir og til vanvirðu við ríkisreksturinn í þessum málaflokki. Upphafið af því er að ógilda styrkafgreiðslur Fiskræktarsjóðs 2007 og samhliða að færa rekstur Fiskræktarsjóðs og reyndar Veiðimálastofnunar einnig á lögmæta braut með hliðsjón af þeim hagsmunaárekstrum sem bein rekstrar- og stjórnunarsamskipti þessara aðila fela í sér. Afrit þessa erindis sendi ég Samkeppniseftirlitinu til að sá eftirlitsaðili geti fylgst með málalyktum og ennfremur á aðstoðarmenn þína í Landbúnaðarráðuneytinu .

Með fyrirfram þökk

*JÓHANNES STURLAUGSSON*

*Jóhannes Sturlaugsson*

Afrit: Samkeppniseftirlitið

Landbúnaðarráðuneytið

([postur@lan.stjr.is](mailto:postur@lan.stjr.is); [maria.hauksdottir@lan.stjr.is](mailto:maria.hauksdottir@lan.stjr.is);  
[bjorn.fridrik.brynjolfsson@lan.stjr.is](mailto:bjorn.fridrik.brynjolfsson@lan.stjr.is))

Meðfylgjandi eru eftirfarandi fylgiskjöl sem vitnað er til

- 1) Erindi sent Landbúnaðarráðuneytinu 26. apríl 2006 - Ósk um að Veiðimálastofnun hætti að sjá um fjárhagslega umsýslu fyrir aðrar ríkisstofnanir Landbúnaðarráðuneytisins vegna hagsmunaárekstra - vanhæfi o.fl.
- 2) Erindi sent Landbúnaðarráðuneytinu 26. apríl 2006 - Vanhæfi Óðins Sigþórssonar stjórnarmanns Veiðimálastofnunar til setu í stjórn Fiskræktarsjóðs.

**AXFISKAR**

Tölvupóstfang: [Johannes@laxfiskar.is](mailto:Johannes@laxfiskar.is)

**Laxfiskar ehf**  
**Hraðastaðir 1**  
**Pósthólf 280**  
**270 Mosfellsbær**  
**Sími: 664 70 80**

**Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra**  
**Skúlagötu 4 ,**  
**150 Reykjavík**

---

Mosfellsbær 29. ágúst 2007

Málefni:

Frekari upplýsingar, ábendingar og spurningar - Kæra Laxfiska ehf/Jóhannesar Sturlaugssonar til Landbúnaðarráðherra/Landbúnaðarráðuneyti v/ starfshátta Fiskræktarsjóðs (dags. 9/8 '07)

Sæll Einar Kristinn,

Í kærni minni til þíns og ráðuneytis þíns sem undirritaður sendi 9. ágúst s.l. þá var vitnað til augljósra ólögmætra þátta sem viðgengist hafa í starfsháttum Fiskræktarsjóðs m.t.t. starfsemi sjóðsins þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir leiðréttingu þar á. Í bréfinu er fyrst og fremst lagt út af sláandi dæmi um vanhæfi þess að Fiskræktarsjóður geti árum saman veitt megninu af sínu styrkfé til Veiðimálastofnunar sem felst í því vítaverða vanhæfi að láta það viðgangast á sama tíma að Veiðimálastofnun sjái um alla fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð. Sjá má það hlutfall sem sjóðurinn veitti Veiðimálastofnun með beinum hætti árlega á árunum 1999-2003 í svari við fyrirspurn á 130. löggjafarþingi (2003-2004) um starfsemi Fiskræktarsjóðs (sjá meðfylgjandi pdf skjal). Það yfirlit sýnir að Veiðimálastofnun þáði 59-69% af því styrkfé sem sjóðurinn greiddi út. Það segir þó ekki alla söguna því að Veiðimálastofnun fékk óbeint í sínar hendur hluta þeirra styrkfjárhæða sem að aðrir styrkþegar þáðu þ.s. þeir unnu verkin eða hluta þeirra fyrir þá t.d. Landsamband Veiðifélaga.

Í þeirri vanhæfu að láta Veiðimálastofnun sjá um fjárhagslega umsýslu og fyrirspurnaþjónustu fyrir Fiskræktarsjóð felast gríðarlega margir óeðlilegir vankantar sem eru í reynd flestir ef ekki allir ólögmætir. Nefnt vanhæfi Fiskræktarsjóðs til að afgreiða styrkfjármuni til Veiðimálastofnunar eru augljóst. Auk þess hefur í innsendum gögnum til ráðuneytisins verið fjallað um þá sérkennilegu viðbót sem Veiðimálastofnun aflar sér með þeim störfum sínum hvað viðskiptaupplýsingar og annað hagræði varðar. Í kærinni var tekið eftirfarandi dæmi um slíkt hagræði sem felst í því að í störfum sínum fyrir Fiskræktarsjóð þá aflar Veiðimálastofnun árlega upplýsinga um hreinar (skírar) tekjur allra veiðifélaga landsins til þess að ákvarða tekjustofn (álögð gjöld) Fiskræktarsjóðs. Varla þarf nokkur að efast um hvaða stöðu slíkt setur Veiðimálastofnun í samkeppnislega þar sem þessi sömu veiðifélög er burðurinn beint og óbeint í útseldri þjónustu á sviði rannsókna og ráðgjafar er varðar ferskvatnsfiska og umhverfi þeirra. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum treystir Veiðimálastofnun sér til að keppa á jafréttisgrundvelli við samkeppnisaðila sína þrátt fyrir að búa yfir þessum grundvallarupplýsingum um rekstur mögulegra viðskiptavina. Dettur einhverjum í hug að slíkt feli í sér ólögmæta samkeppnisstöðu? Í þessu felast reyndar þau þægindi til viðbótar að Veiðimálastofnun veit hvað er til í Fiskræktarsjóði hverju sinni sem enn á kemur sér vel, enda handhægt viðmið þegar ákveðið er hvaða styrkfjárhæðir skuli sótt um til sjóðsins.

Hér skal nefnt eitt dæmi til viðbótar því sem áður hefur verið bent á sérstaklega sem varðar umsýslu Veiðimálastofnunar og ennfremur tilheyrandi brot á stjórnsýslu- og samkeppnislögum. Þegar Fiskræktarsjóður í árlegri afgreiðslu sinni hefur ákveðið hvaða verkefni sjóðurinn kys að styðja og hve miklu mæli. Þá sendir hann gögn um verkefni og afgreiðslu Fiskræktarsjóðs til skrifstofustjóra Veiðimálastofnunar sem greiðir út styrkfjármunina. Enn á ný skapar þægilegt aðgengi Veiðimálastofnunar að gögnum styrkfjárhæðir til samkeppnisaðila sinna og upplýsingar um það út á hvað verkefni ganga Veiðimálastofnun ólögmæta stöðu samkeppnislega og stjórnsýslulega gagnvart samkeppnisaðilum sínum. Í svari við fyrirspurn á 130. löggjafarþingi (2003-2004) um starfsemi Fiskræktarsjóðs (sjá meðfylgjandi pdf skjal) þá kemur fram að Veiðimálastofnun sjái um bókhalds, innheimtu- og gjaldkerstörf fyrir Fiskræktarsjóð ásamt því að svara fyrirspurnum þessu tengdu. Ennfremur að þar um hafi verið gerður þjónustusamningur á milli Fiskræktarsjóðs og Veiðimálastofnunar í desember 2003 um þessa þætti en ekki kemur reyndar fram að Veiðimálastofnun hefur séð um þessi mál alla tíð. Víst má telja að til mikilla þæginda sé fyrir samkeppnisaðila Veiðimálastofnunar að nýta sér umrædda fyrirspurnaþjónustu Veiðimálastofnunar.



Allt þetta bætist ofan á það að Veidimálastofnun fær af hálfu ríkisins að stunda alla þá samkeppni sem henni sýnist í grunnrannsóknnum, þjónusturannsóknnum og ráðgjöf án nokkurra skilyrða sem stenst eitt sér ekki grundvaratriði samkeppnislaga miðað við lagaskyldur Veidimálastofnunar m.a. vegna ákvörðunar- og úrskurðarvalds stofnunarinnar gagnvart mögulegum verkkaupum, samstarfsaðilum og samkeppnisaðilum.

Í kæru undirritaðs/Laxfiska til þíns og þíns ráðuneytisins var einnig vikið að ólögmæti sem varðar ákveðið vanhæfi sem upp hefur komið á meðal stjórnarmanna Fiskræktarsjóðs sem hefur gert það að verkum að ákvarðanataka sjóðsstjórnar hefur ítrekað í gegnum árin verið ólögmæt með vísun í stjórnssýslulög. Vitnað var í störf Óðins Sigbórssonar sem í senn gengdi stjórnarstörfum fyrir Veidimálastofnun og Fiskræktarsjóð með tilheyrandi vanhæfi. Auk þess að vera formaður Landssambands veiðifélaga (LV) þar sem hann var í forsvari fyrir gerð allskyns hvatninga til yfirvalda um að auka fjárveitingar til Veidimálastofnunar m.a. til rannsókna á laxi í sjó sem vart getur kallast smekklegt gagnvart þeim sem við Veidimálastofnun keppa á þessum vettvangi. Á sama tíma m.a. þegar ályktun LV frá aðalfundi þess 11-12 júní 2004 var gerð þá var Óðni fullkunnugt sem stjórnarmanni í Fiskræktarsjóði um það að einkareknir rannsóknnaðilar (Laxfiskar ehf) voru að ástunda slíkar rannsóknir auk Veidimálastofnunar auk þess sem fleiri einkaaðilar koma að rannsóknnum á sviði ferskvatnsfiska almennt. Hlutlaus aðili hefði þarna staðið fyrir ályktun þar sem fjallað væri um að fjármuni vantaði í tiltekinn málaflökk en ekki einstaka stofnanir honum beintengdar.

Afgreiðsla Landbúnaðarráðuneytisins/Guðna Ágústssonar á kæru undirritaðs/Laxfiska í apríl 2006 vegna skýlausrar vanhæfni Óðins Sigbórssonar til setu í stjórn Fiskræktarsjóðs og í senn til setu í stjórn Veidimálastofnunar (fylgiskjal 4) var algerlega úr takti við upplýsingalög sem fela í sér hvað langur tími má líða þar til stjórnvaldstig svari kærnumálum á borð við þetta. Þegar frestur upplýsingalaga til skila á svari var útrunninn ítrekar undirritaður kröfur sínar um svör með tölvupósti dags. 18. maí '06. Loks barst í pósti svarbréf frá Landbúnaðarráðuneytinu undirritað af Ingimari Jóhannssyni fyrir hönd ráðherra sem dagsett var nokkrum dögum fyrr (14. júní 2006) þar sem orðrätt sagði: *“Beðist er velvirðingar á því hversu mjög hefur dregist að svara erindi yðar en það má rekja til mikilla anna innan ráðuneytisins. Ábendingar yðar hafa verið teknar til skoðunar í ráðuneytinu og er athygli yðar vakin á því að Óðinn Sigbórsson óskaði eftir því við ráðuneytið í lok febrúar að vera leystur frá stjórnarsetu í Veidimálastofnun. Einnig óskaði Jónatan Þórðarson, varamaður Vigfúsar Jóhannssonar eftir því að taka ekki sæti í stjórn Veidimálastofnunar er hann tók sæti í Fiskræktarsjóði.”*

Víst er að ef frá er skilið upphaf svarbréfs Landbúnaðarráðuneytisins varðandi ósk um velvirðingu á seinanganginum þá er efni bréfisins með ólíkindum. Reyndar hefði einnig snarhendis mátt svara tölvupósti mínum frá 18. maí með tölvupósti úr ráðuneytinu og segja undirrituðum frá því að annanna vegna myndi svar ekki berast í bráð. Í bréfi ráðuneytisins var í reynd ekkert svar að finna varðandi fjárhagslega umsýslu Veidimálastofnunar fyrir Fiskræktarsjóð. Svárið hvað vanhæfni Óðins Sigbórssonar varðaði var í reynd þínlegt yfirklió sem var ósæmilegt miðað við alvarleik málsins .

Líkt og fram kom í kærurindi undirritaðs til Landbúnaðarráðherra þá gat Óðinn Sigbórsson með vísun í Stjórnsýslulög ekki tekið þátt í einni einustu afgreiðslu fyrir vanhæfis sakir þ.s. mest af ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs þar sem Óðinn sat í stjórn og situr enn rennur árlega til Veidimálastofnunar þ.s. Óðinn sat líka í stjórn og afgangur styrkumsóknanna eru verkefni sem eru í samkeppni við Veidimálastofnun um styrkfjármuni Fiskræktarsjóðs. Undirritaður bindur vonir við að annað eins vanhæfi í stjórnsýslunni sé fáheyrt en út fyrir allan þjófabálk tekur þegar menn sem staðnir eru að slíkum vinnubrögðum kunna ekki að skammast sín. Það gildi um Óðinn Sigbórsson og Guðna Ágústson Landbúnaðarráðherra sem þátttakendur í panel á opnum fundi um veiðimál á vegum SVFR og Landssambands veiðifélaga sem vitnað var til í kæru undirritaðs 2006 þöggðu þunnu hljóði utan það að staðhæfa að Óðinn Sigbórsson væri ekki vanhæfur þegar ítrekað var borin var fram sú spurning hvenær taka ætti mið af stjórnsýslulögum og koma í veg fyrir vanhæfi Óðins Sigbórssonar. Vanhæfi Óðins felur í reynd í sér að styrkafgreiðslur Fiskræktarsjóðs voru vanhæfa.

Hvað varðar svar Landbúnaðarráðherra/Landbúnaðarráðuneytis dags. 14. júní 2006 um vanhæfni Óðins Sigbórssonar, þá fór ekkert fyrir afsökun á ólögmætum störfum hans við afgreiðslur á styrkumsóknnum Veidimálastofnunar og samkeppnisaðilum hennar. Þess í stað fær undirritaður að heyra að Óðinn Sigbórsson hafi náðarsamlegast óskað eftir því við ráðuneytið í lok febrúar að vera

leystur frá stjórnarsetu í Veiðimálastofnun. Lærdómurinn sem undirritaður dregur af þessum gögnum úr ráðuneyti landbúnaðarmála er sá að Óðinn hafi fengið einhvers konar vitrun þegar þarna var komið sögu sem leiddi honum fyrir sjónir að óheppilegt væri fyrir hann að sitja hvorutveggja í stjórn Veiðimálastofnunar og Fiskræktarsjóðs. Verst þykir mér að Óðinn skyldi ekki muna eftir þessari frómu ósk sinni til Landbúnaðarráðuneytisins þegar vanhæfi hans bar ítrekað á góma á opnum fundi SVFR og Landssambands stangaveiðifélaga 25. apríl 2006. En ólánið ríður ekki við einteyming í málum Óðins og Landbúnaðarráðuneytisins. Því þrátt fyrir óskir Óðins þá sat hann áfram sem fastast í stjórn Veiðimálastofnunar þegar unnið var að styrkafgreiðslum Veiðimálastofnunar og samkeppnisaðila hennar af hálfu Fiskræktarsjóðs síðla vetrar -sumarbyrjun 2006. Þegar litið er á atburðarrásina sem skráð hefur verið í Landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt upplýsingum í bréfi þaðan til undirritaðs (dags. 14. júní 2006) og þá staðreynd að Óðinn Sigbórsson sat að því er best verður séð í stjórn Veiðimálastofnunar fram á sumarið 2006 (þegar ný lög um Veiðimálastofnun sjálfkrafa leggja þá stjórn niður) þá kemur manni hnyttilega á óvart að á þeim tíma er ljóst orðið samkvæmt fram lögðu lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun að stjórn Veiðimálastofnunar myndi verða lögð niður og í stað hennar myndi ráðgjafanefnd sett á laggirnar til fulltingis framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar. Sambærileg tilviljun ræður því síðan að þau lög höfðu verið afgreidd samþykkt frá Alþingi þegar umrætt bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu barst undirrituðum um óuppfylltar óskir Óðins Sigbórssonar. Sú fróma ósk stóð ráðherra og ráðuneytismönnum greinilega ofarlega í huga því eðlileg viðbrögð við efni kærunnar svo sem afsakanir á ólögsmætu vanhæfi Óðins Sigbórssonar komust ekki á blað.

Til upplýsingar fyrir Landbúnaðarráðuneytið þá þarf ekki að fjölyrða það að nefndarmenn þeirrar ráðgjafanefndar sem á samkvæmt lögum um Veiðimálastofnun frá 2006 að starfa til fulltingis framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar eru jafn vanhæfir til að sitja í stjórn Fiskræktarsjóðs og fyrrum stjórnarmenn Veiðimálastofnunar sem sátu í stjórn hjá báðum þessum ríkisstofnunum. Ástæðan er sú sama og fyrr. Enda hvernig eiga þeir sem gefa Veiðimálastofnun sín bestu ráð að vera hlutlausir þegar kemur að því að meta styrkumsóknir til Fiskræktarsjóðs annað tveggja til Veiðimálastofnunar og hinsvegar þeirra sem keppa við Veiðimálastofnun um styrkfjármagn Fiskræktarsjóðs. Ef ráðgjafarnir myndu lenda í slíkri stöðu myndu þeir ofan í kaupið lenda í því að þurfa að lesa yfir ítarlegar rannsóknáætlanir samkeppnisaðila Veiðimálastofnunar með tilheyrandi vanhæfi til viðbótar. Þetta er því aðeins nefnt hér að Landbúnaðarráðuneytið hefur verið þekkt fyrir góða nýtingu á sínum stjórnendum s.s. Óðinn Sigbórsson er sérlega gott dæmi um. Því vill undirritaður benda á áður nefnda staðreyndir sem varða starfsumhverfi mitt til að koma í veg fyrir samnýtingu stjórnarmanna er heyra undir Landbúnaðarráðuneytið þegar slíkt hefur vanhæfi í för með sér þvert á það sem stjórnarsýslulög þessa lands kveða á um. Gera verður þá kröfu að stjórnarmenn sem starfa fyrir ráðuneytið og að ekki sé talað um ráðherra og ráðuneytismenn sem skipa þessa menn í stjórnir kunni skil á Stjórnarsýslulögunum. Þannig má koma í veg fyrir að ólögsmætt vanhæfi sem virðist því aðeins leysast að vanhæfir stjórnarmenn fái vitrun frá æðri máttarvöldum. Um leið er hægt að forða Landbúnaðarráðuneytinu og stofnunum þess frá skaðabótakröfum einkaaðila í rannsóknum sem í sínum rekstri bera skaða af slíkri vanhæfu í ríkisrekstri svo sem raunin er með rannsóknafyrirtæki undirritaðs.

Eins og fram hefur komið varðandi vanhæfismál Óðins Sigbórssonar sem voru kærð 2006 án þess að þeim hafi verið svarað málefnalega né reynt svo mikið sem að biðjast forláts fyrir þau fjölmörgu ár sem Óðinn starfaði vanhæfur fyrir Fiskræktarsjóð. Kæran sem send var Landbúnaðarráðherra/Landbúnaðarráðuneytinu í apríl 2006 er því enn óafgreidd málefnalega sem og kæra sem þá var send inn vegna lögbrota sem felast í fjárhagslegri umsýslu Veiðimálastofnunar fyrir Fiskræktarsjóð. Litið til vanhæfis Óðins þá er ein staðreyndanna sem hafa þarf hliðsjón af sú að Óðinn átti þátt í því að koma af stað verkefnum hjá Veiðimálastofnun með styrkafgreiðslum frá Fiskræktarsjóði þegar hann sat í stjórn Veiðimálastofnunar, verkefnum sem enn í dag koma gríðarlega við sögu styrkveitinga Fiskræktarsjóðs sem framhaldsverkefni. Dæmi um það er verkefnið "Rannsóknir á sjávardvöl laxa" sem árið 2007 fékk 10 milljóna króna styrk (afgreiðslan hefur verið kærð með vísun í margfalt stjórnarsýslulegt vanhæfi). Það verkefni var útlistað í grundvallaratriðum í umsókn sem undirritaður þá starfandi á Veiðimálastofnun og verkefnisstjóri verkefnisins gerði 2002. Sú umsókn var samþykkt af öðrum starfsmönnum í verkefnisstjórn og sendi til Fiskræktarsjóðs sem veitti undirbúningsstyrk til verkefnisins það ár. Árið eftir þegar Veiðimálastofnun í orði kveðnu segist hafa lagt verkefnið af samhliða því að stofnunin leggur niður starf undirritaðs á þeim bæ þá fær Veiðimálastofnun engu að síður áfram styrk það ár og árlega síðan til rannsókna á sjávardvöl laxa þar

sem til viðbótar mælimerkjapættinum fleiri þáttum hafði verið bætt inn. Þetta er því einungis sagt til að minna á það að afgreiðslur Óðins Sigþórssonar koma við sögu vanhæfis enn í dag þrátt fyrir að hann sitji ekki í stjórn Veidimálastofnunar sökum þess að sú stjórn hefur verið lögð niður. Þetta er einfaldlega vegna þess að enn í dag er verið að afgreiða framhaldsumsóknir verkefna Veidimálastofnunar þar sem Óðinn á meðan hann sat í stjórn Fiskræktarsjóðs kom ýmist beint að því að afgreiða eða óbeint með því að fjalla um umsóknir samkeppnisaðila Veidimálastofnunar þrátt fyrir að sitja einnig í stjórn Veidimálastofnunar. Þetta er augljóst en einnig hægt að sýna með vísun í gögn fengin fyrir tilstilli Úrskurðarnefndar um upplýsingamál um umsóknir og gögn yfir afgreiðslur þeirra á fundum Fiskræktarsjóðs sýna m.a. frá 2003. Það þýðir að þrátt fyrir að Óðinn sitji ekki lengur í stjórn Veidimálastofnunar þá er hann enn að fjalla um mál sem hann er vanhæfur að fjalla um, bæði styrkumsóknir Veidimálastofnunar og þá um leið styrkumsóknir frá samkeppnisaðilum hennar.

Þegar undirritaður skoðaði gögn runnin frá fyrirspurn á Alþingi um rekstur Fiskræktarsjóðs þá má sjá að í svarinu er m.a. tíundaður heildarrekstrarkostnaður sjóðsins og auk þess helstu kostnaðarliðir í rekstri sjóðsins (sjá töflu).

Tafla úr svari við fyrirspurn á Alþingi um rekstur Fiskræktarsjóðs

1. *Hver hefur árlegur rekstrarkostnaður Fiskræktarsjóðs verið sl. fimm ár?*  
Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunni.

	2003	2002	2001	2000	1999
Heildarrekstrarkostnaður	22.900.632	24.433.122	19.041.978	19.135.961	18.813.129

2. *Hverjir voru helstu kostnaðarliðir í rekstri á þessum tíma og hvernig skipfast þeir?*  
Helstu kostnaðarliðir koma fram í töflunni.

	2003	2002	2001	2000	1999
Styrkir	19.500.000	19.777.000	16.600.000	16.350.000	16.425.000
Framkvæmdastjórn	1.080.000	1.344.600	1.033.095	842.652	818.132
Innheimta og bókhald	1.040.000	814.000			
Lögfræðingar				817.342	
Opinber gjöld					1.129.725

Athygli vekur að þegar helstu kostnaðarliðir hafa verið lagðir saman þá vantar öll árin utan 1999 umtalsvert upp á að árlegum rekstrarkostnaði sé náð eða 1,1-2,5 milljónum eða sem samsvarar 5,6-10,5 % af árlegum rekstrarkostnaði. Þannig vantar upp á skilgreindan rekstrarkostnað m.v. árlegan heildarrekstrarkostnað eftirfarandi: 1280 þús kr (5,6%)/ 2003; 2497 þús (10,2%)/ 2002; 2008 þús (10,5%)/ 2001; 1126 þús (5,9%)/ 2000 og 445 þús(2,4%)/ 1999. Í ljósi þessa þá vantar eitthvað upp á að helstu kostnaðarliðir séu tilgreindir. Í hvað fór sá mismunur sem nemur allt upp í ríflega 10% af árlegum rekstri sjóðsins? Ég er vissulega ekki nægilega talnaglöggur en mér finnst að eitthvað vanti upp á helstu kostnaðarliðina ef ríflega 10% af rekstrarkostnaði eru ekki skýrðir. Eins finnst mér eitthvað ekki stemma þegar litið er á eitt tiltækt dæmi um uppgefna rekstrarafkomu sjóðsins til viðmiðunar. Samkvæmt upplýsingum sem finna mátti á vef Alþingis þá var innkoma sjóðsins árið 2002 upp á 24,6 milljónir. Samkvæmt ríkisreikningi (A hluti) var höfuðstóll sjóðsins 55,0 milljónir (54,968) í ársbyrjun 2002, en rýrnaði á árinu og var 1,9 milljón króna minni í árslok. Hvernig stemmir þetta við rekstrarkostnaðinn þetta ár sem skv. svari við fyrirspurn á Alþingi var minni en innkoma sjóðsins.

**Vegna aðkomu Veidimálastofnunar að rekstri Fiskræktarsjóðs og vegna þess að undirritaður hefur mátt þola ólögmetta samkeppnishætti Veidimálastofnunar þ.m.t. vegna vítaverðra starfshátta af hálfu framkvæmdastjóra Veidimálastofnunar. Þá fannst undirrituðum eðlilegt að benda á ofangreind atriði frá rekstri Fiskræktarsjóðs með ósk um að fá svar við því frá Fiskræktarsjóði/Landbúnaðarráðuneytinu með hliðsjón af ofangreindu hvort að Veidimálastofnun sé að fá einhverjar frekari greiðslur frá Fiskræktarsjóði heldur en innheimtu- og bókhaldsliðurinn stendur fyrir. Óskað er svari við því hvort sé, og þá fyrir hvaða vinnu og hve háar fjárhæðir sé um að ræða.**

Afrit þessa erindis sendi ég Samkeppniseftirlitinu til að sá eftirlitsaðili geti fylgst með málalyktum, Ríkisendurskoðun og enn fremur á aðstoðarmenn þína í Landbúnaðarráðuneytinu .

Undirritaður vonar að ítarlegar útskýringar mínar nægi til þess að menn sýni þá röggsemi sem löngu er tímabær hvað það varðar að koma þessum málum í lag og því trúi ég að afgreiðsla þessa erindis verði skjót enda er þessi kæra (dags. 9. ágúst ásamt þessari viðbót kærunnar) raun ítrekun kæranna frá 26. apríl 2006 sem málefnalega var aldrei svarað, þ.m.t. í framkvæmd þó svo að fréttir af óskum Óðins Sigþórssonar til ráðuneytisins hefðu borist sem einhvers konar svar við annarri kærinni. Undirritaður hefur tryggt sér lögfræðinga sem munu skoða svör ykkar við þessu erindi mínu en ég vænti þess að þeirra bíði lítið annað en þægilegur yfirlestur svo skýrt sem útlistað hefur verið í kærinni hvaða umbætur þarf að framkvæma af ykkar hálfu til að koma í veg fyrir ólögmeta starfshætti Fiskræktarsjóðs.

Með fyrirfram þökk



---

Jóhannes Sturlaugsson

Afrit: Samkeppniseftirlitið  
Ríkisendurskoðun  
Landbúnaðarráðuneytið

([postur@lan.stjr.is](mailto:postur@lan.stjr.is); [maria.hauksdottir@lan.stjr.is](mailto:maria.hauksdottir@lan.stjr.is);  
[bjorn.fridrik.brynjolfsson@lan.stjr.is](mailto:bjorn.fridrik.brynjolfsson@lan.stjr.is))

Fylgiskjal: Svar við fyrirspurn á Alþingi um rekstur Fiskræktarsjóðs



Tölvupóstfang: [Johannes@laxfiskar.is](mailto:Johannes@laxfiskar.is)

Laxfiskar ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær  
Sími: 664 70 80

Árið 2007, þriðjudaginn 30. október var í landbúnaðarráðuneytinu í máli nr. LAN07080039 kveðinn upp svofelldur:

## ÚRSKURÐUR

### I.

Með erindi er barst landbúnaðarráðuneytinu þann 10. ágúst 2007, hefur Jóhannes Sturlaugsson, f.h. Laxfiska ehf, kt. 610303-2340, Hraðastöðum 1, 270 Mosfellsbæ, kært ákvörðun veiðimálanefndar, f.h. Fiskræktarsjóðs, dags. 3. maí 2007, er varðar synjun á styrkumsókn Laxfiska ehf. til nefndarinnar.

Um kæruehimild er vísað til 26. gr. stjórnáskilslulaga nr. 37/1993.

Óskar kærandi eftir því að afgreiðslur Fiskræktarsjóðs frá sumarbyrjun 2007 séu ómerktar vegna vanhæfis nefndarmanna og vegna ólögðra tengsla milli Fiskræktarsjóðs og Veiðimálastofnunar sem fékk úthlutað flestum styrkjum úr Fiskræktarsjóði.

Með bréfi ráðuneytisins dagsettu 21. ágúst 2007 var veiðimálanefnd/Fiskræktarsjóði veittur frestur til að koma að athugasemdum við fram komna kærnu til 5. september 2007 og barst umsögn nefndarinnar þann 27. ágúst 2007. Með hliðsjón af rannsóknarskyldu stjórnvalda óskaði ráðuneytið eftir fundargerð veiðimálanefndar/Fiskræktarsjóðs frá 3. maí 2007 og barst hún ráðuneytinu þann 17. september 2007.

Með bréfi ráðuneytisins dagsettu 18. september 2007 var kæranda gefinn kostur á að koma að athugasemdum að nýju og bárust athugasemdir hans þann 1. október 2007 og var málið í framhaldi af því tekið til úrskurðar í ráðuneytinu.

### II.

Í kærnu dagsettri 9. ágúst kemur fram að kærandi sótti um styrk úr Fiskræktarsjóði fyrir árið 2007 vegna verkefnisins „Áttun og rötun laxa í sjó“. Kærandi hlaut ekki styrk þar sem öðrum verkefnum hafi verið forgangsraðið framur. Bendir kærandi á að styrkir Fiskræktarsjóðs hafi, líkt og fyrri ár, farið að mestu leyti til Veiðimálastofnunar. Telur kærandi að lögbrot felist í því að Veiðimálastofnun sjái um fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð og að annað „vanhæfi/ólögðmæti“ hafi skapast af beinum tengslum Veiðimálastofnunar og Fiskræktarsjóðs. Þá hafi einn nefndarmanna, setið við afgreiðslu styrkumsókna 2007 sem hafi á sama tíma bæði setið í stjórn Fiskræktarsjóðs og Veiðimálastofnunar.

Í umsögn Fiskræktarsjóðs/veiðimálanefndar dags. 23. ágúst 2007 kemur fram að skv. 1. mgr. 94. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 eigi sex menn sæti í veiðimálanefnd, sem tilnefndir eru af hinum ýmsu hagsmunaaðilum ásamt ráðherraskipuðum formanni. Í 2. mgr. 98. gr. sömu laga sé kveðið á um að með stjórn Fiskræktarsjóðs fari veiðimálanefnd, sem ákvarði um styrki og lán úr sjóðnum en að ákvörðunin sé háð samþykki ráðherra. Það sé á grundvelli framangreindra lagaákvæða og verklagsreglna um Fiskræktarsjóð sem styrkjum sé úthlutað á hverju ári. Jafnframt kemur fram í svari Fiskræktarsjóðs að þegar umsóknir séu metnar á ári hverju sé lögð áhersla á mikilvægi og nýnæmi með tilliti til fiskræktar og fiskeldis og með hvaða hætti afrakstur verkefnis geti aukið verðmæti og um leið stuðlað að vernd og uppbyggingu

íslenskra laxfiska. Horft sé til hæfni umsækjenda til að leysa verkefnið, þekkingu reynslu, aðstöðu og raunhæfi áætlana. Einnig er horft til þess hvort verkefnið sé í þágu almennra hagsmuna. Þá bendir Fiskræktarsjóður einnig á að til þess að gæta fyllsta hlutleysis þurfi nefndarmenn að víkja sæti ef þeir telja sig eiga hagsmuna að gæta. Í fundargerð fundar í veiðimálanefnd og stjórn Fiskræktarsjóðs frá 3. maí 2007 segir ekkert um hvort einhver nefndarmanna hafi víkið af fundi við afgreiðslu umsóknar Laxfiska ehf. um styrk úr sjóðnum. Þó má sjá annars staðar í fundargerðinni að nefndarmenn hafi víkið af fundi við afgreiðslu einstakra erinda.

Í bréfi kæranda, dags. 1. október 2007, þar sem brugðist er við sjónarmiðum Fiskræktarsjóðs/veiðimálanefndar, telur kærandi vanhæfi það er hann vísar til í kæru sinni sé fyrst og fremst til komið af því að Fiskræktarsjóður úthlutar árlega megninu af sínu ráðstöfunarfé til Veiðimálastofnunar og sé á sama tíma tengdur þeirri sömu stofnun viðskipta- og hagsmunatengslum sökum þess að Veiðimálastofnun sér um alla fjárhagsumsýslu fyrir Fiskræktarsjóð. Telur kærandi að þrátt fyrir að Veiðimálastofnun hafi ekki haft stjórn er ákvarðanir um styrkúthlutun var tekin, vegna gildistöku nýrra laga um Veiðimálastofnun er kveða á um skipun sérstakrar ráðgjafanefndar, hafi fyrrum stjórnarmaður Veiðimálastofnunar, er á sæti í Fiskræktarsjóði, engu að síður verið vanhæfur til að taka þátt í afgreiðslum á styrkjum til kæranda og þeirra framhaldsverkefna Veiðimálastofnunar sem hann átti þátt í að styrkja þegar hann sat í stjórn stofnunarinnar. Bendir kærandi á að vanhæfið sé augljóst með tilliti til kvörtunar er kærandi sendi til ráðuneytisins og óskaði þess að vanhæfismálum hlutaðeigandi aðila yrði komið í lag. Vanhæfið nái þó lengra aftur þar sem hlutaðeigandi, ásamt öðrum stjórnarmönnum Veiðimálastofnunar, hafi samþykkt tillögu framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar um að leggja niður þáverandi starf kæranda hjá Veiðimálastofnun. Þá ítrekar kærandi í svarbréfi sínu að ekki sé einungis óskað ógildingar ákvörðunar vegna höfnunar á rannsóknarverkefni kæranda heldur sé þess óskað að allar ákvarðanir Fiskræktarsjóðs um styrk, frá því í maí 2007, séu ómerkta.

### III.

Í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er kveðið á um heimild aðila máls til að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða breytt. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. sömu laga telst það stjórnvaldsákvörðun þegar stjórnvald tekur ákvörðun um rétt eða skyldu manna. Í erindi kæranda frá 1. október 2007 kemur fram að ekki sé einungis óskað ógildingar ákvörðunar vegna höfnunar á rannsóknarverkefni kæranda heldur sé þess óskað að allar ákvarðanir Fiskræktarsjóðs um styrk, frá því í maí 2007, séu ómerkta. Aðili máls á lægra stjórnsýslustigi á almennt kæruaðild að sama máli en þar fyrir utan er ekki mælt fyrir um það í stjórnsýslulögunum hverjir geti átt kæruaðild, við mat á því er litið til þess hvort viðkomandi eigi einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta í hverju og einu einstöku máli. Ráðuneytið telur að í því máli sem hér er til úrlausnar sé einungis unnt að leysa úr gildi ákvörðunar veiðimálanefndar um að synja rannsóknarverkefni kæranda um styrk úr Fiskræktarsjóði. Ekki verður séð að hagsmunir kæranda af því að fá fellda úr gildi ákvarðanir er varða aðra aðila séu það verulegir að þeir víki til hliðar hagsmunum þeirra er aðild áttu að þeim ákvörðunum er um ræðir.

Í 98. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, er fjallað um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar úr sjóðnum. Í 2. mgr. lagagreinarinnar kemur fram að veiðimálanefnd fer með stjórn Fiskræktarsjóðs og eru ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum háðar samþykki ráðherra. Þá segir í 94. gr. sömu laga að veiðimálanefnd sé skipuð sex mönnum, til fjögurra ára í senn. Veiðimálanefnd var skipuð með skipunarbréfi dags. 14. janúar 2002 og rann skipunartími hennar

Því út þann 14. janúar 2006. Var nefndin ekki skipuð að nýju fyrr en þann 24. október 2007 og því ljóst að frá 14. janúar 2006 og til 24. október 2007 hafi nefndin ekki verið bær til þess að taka þær ákvarðanir sem henni eru faldar með lögum. Er það mat ráðuneytisins, með vísan til alls framangreinda, að ákvörðun veiðimálanefndar f.h. Fiskræktarsjóðs um synjun á styrkveitingu úr sjóðnum, sem tekin var þann 3. maí 2007, sé haldin slíkum anmarka, að hana beri að ógilda.

#### IV. Úrskurðarorð.

Ákvörðun veiðimálanefndar, f.h. Fiskræktarsjóðs, dags. 3. maí 2007, um að synja kæranda um styrk úr Fiskræktarsjóði er úr gildi felld.

*Landbúnaðarráðuneytinu 30. október 2007.*

F.h.r.

*Ólafur Friðriksson*  
Ólafur Friðriksson.



*Arnór Sveinbjörnsson*  
Arnór Sveinbjörnsson.

----- Original Message -----

**From:** Jóhannes Sturlaugsson

**To:** [godni.agustsson@lan.stjr.is](mailto:godni.agustsson@lan.stjr.is)

**Cc:** [niels.arni.lund@lan.stjr.is](mailto:niels.arni.lund@lan.stjr.is) ; [hakon.sigurgrimsson@lan.stjr.is](mailto:hakon.sigurgrimsson@lan.stjr.is)

**Sent:** Wednesday, April 26, 2006 11:01 PM

**Subject:** Ósk um að Veiðimálastofnun hætti að sjá um fjárhagslega umsýslu fyrir aðrar ríkisstofnanir Landbúnaðarráðuneytisins vegna hagsmunaárekstra - vanhæfi o.fl.

Landbúnaðarráðuneyti  
b/t Guðna Ágústssonar  
Sölvhólgata 7  
150 Reykjavík

26. apríl 2006

Erindi: Ósk um Landbúnaðarráðuneytið sjái til þess að Veiðimálastofnun sjái ekki um fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð og aðrar ríkisstofnanir Landbúnaðarráðuneytisins.

Líkt og ég greindi þér og öðrum fundarmönnum frá á fundi SVFR og Landsambands stangaveiðifélaga í gærkveldi þá er fjölmargt í ólagi í starfsumhverfi þeirra einkaaðila sem stunda rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra og tilheyrandi ráðgjöf í samkeppni við Veiðimálastofnun, sem er ríkisrekni rannsóknaraðilinn á þessu sviði. Eitt af því sem ég nefndi til sögunnar á sviði stjórnsýslumála sem væri til vansa fyrir Veiðimálastofnun og þar með Landbúnaðarráðuneytið varðaði stjórnarmann Veiðimálastofnunar sem situr í nálega öllum stólum sem er að finna í stjórnsýslunni á þessu sviði, þ.m.t. í stjórn Fiskræktarsjóðs. Bréf um það efni sendi ég ykkur í Landbúnaðarráðuneytið fyrr í dag vegna þess að viðkomandi gaf í skyn að hann væri þrátt fyrir allt ekki eins vanhæfur og halda mætti. Ekki þarf að fjölyrða um það og vitna ég til bréfsins sem ég sendi ykkur varðandi það mál.

Á þessum sama fundi í gærkveldi nefndi ég fleiri dæmi um slæma stjórnsýslu á sviði veiðimála sem einkaaðilar er stunda rannsóknir og ráðgjöf á þessu sviði líða fyrir. Í framhaldi af bréfaskrifum til þín Guðni fyrr í dag (afrit til tveggja skrifstofustjóra þinna) til að fylgja málum eftir vegna áður nefnds vanhæfismáls. Þá fannst mér ekki hægt annað en ítreka hitt dæmið sem ég tók til umfjöllunar á fundinum í gær um óhæfa stjórnsýslu á þessu sviði landbúnaðarmála. Víst er að dugandi sérfæðingar sem ég hef rætt við undanfarið á sviði, stjórnsýslu, samkeppnis- og viðskipta lýsa áhyggjum sínum vegna umhverfis málaflokksins. Sumir þeirra s.s. á samkeppnisstofnun eru enn að kynna sér gögn frá mér um þetta sérstaka starfsumhverfi. Víst er sá fortíðar- og samtíðarvandi sem felst í öllum þeim samkeppnishömlum sem felast í mismunun ríkisins gagnvart einkaaðilum á þessu sviði er sláandi og enn versnar ástandið til framtíðar lítið ef lagafrumvörpin sem til umfjöllunar eru sem arftakar gömlu lax- og silungsveiðilaganna frá 1970 fara óbreytt í gegn.

Hér að neðan fer ég orðum um gersamlega óhæfa stjórnsýslu sem varðar fjárhagslega umsýslu Veiðimálastofnunar fyrir aðrar ríkisstofnanir sem einnig falla undir stjórn Landbúnaðarráðuneytisins og eiga það sammerkt að eiga að heita óháðar hver annarri um ákvarðanatökur o.þ.h. Hér er ítrekuð ósk mín frá í gærkveldi að þetta verði ekki látið viðgangast lengur. Líkt og í síðasta bréfi mínu þá óska ég svara frá Landbúnaðarráðuneytinu um það hvornig menn ætla að bregðast við og þá fyrst og fremst frá þér Guðni, enda ert þú yfirmaður forstöðumanna þessara stofnanna og auk þess prókúruhafi Fiskræktarsjóðs.

Skrifstofustjóri Veiðimálastofnunar hefur í þau 20 ár sem undirritaður hefur unnið að rannsóknum á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra séð um alla fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð. Samskonar þjónusta þessarar rannsóknarstofnunar hefur verið innt af hendi fyrir embætti Veiðimálastjóra allt frá því að það var klofið frá Veiðimálastofnun 1997. Veiðimálastjóri hefur nú í einhverja daga starfað undir nýjum hatti Landbúnaðarstofnunar sem veiðimálastjórn stjórnsýslusviðs þeirrar stofnunar en er enn sem fyrr á sínu gamla sambýli í slagtogi við Veiðimálastofnun. Fyrstu 17 árin af þessum 20 sem vitnað var til var undirritaður starfandi á Veiðimálastofnun (1986 - 2003 þ.a. tvö þau fyrstu lausráðinn) og 3 síðustu ár hef ég starfað við rannsóknir hjá eigin rannsóknafyrirtæki, Laxfiskum ehf. Hvað sem þeim árafjölda líður þá er allt við sama heygardshornið varðandi fjárhagslega umsýslu Veiðimálastofnunar fyrir Fiskræktarsjóð en vænta verður þess að



eitthvað dali þessir möguleikar á fjárhagslegri umönnun Veiðimálastofnunar eftir að veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar verður komin á Selfoss á hausti komanda. Víst þykir að hvergi annarstaðar á Vesturlöndum finnst starfsmaður á borð við skrifstofustjórnann sem sinnir fjársýslu fyrir þrjár ríkisstofnanir í senn með tilheyrandi hagræðingu. Enn ólíklegra er að annar slíkur skrifstofustjóri finnst ef leitað væri að ríkisstofnunum sem lögum samkvæmt eiga að teljast óháðar hver annarri hvað ákvarðanatökur varðar. Dæmið um Veiðimálastofnun sem sinnir fjárreiðum tveggja annarra stofnanna Landbúnaðarráðuneytisins kristallar betur en margt annað þau hagsmunatengsl sem óeðlileg eru í stjórnsýslu Veiðimálastofnunar.

Ekki veit undirritaður hvað Veiðimálastofnun hefur borið fjárhagslega úr bítum fyrir þessi rannsóknarstörf sín í fjármálum annarra ríkisstofnanna Landbúnaðarráðuneytisins. Sá þáttur er enda nánast aukatriði því vandinn fyrir einkaðila sem keppa við Veiðimálastofnun á þessu starfssviði í rannsóknnum og ráðgjöf gjalda fyrir þessi tengsl Veiðimálastofnunar við Fiskræktarsjóð og yfirstjórn veiðimála (Veiðimálastjóra nú Landbúnaðarstofnun). Þarna er langt í frá um eðlileg viðskiptaleg tengsl að ræða á milli stofnanna og er þá ótalin ýmis blandaður rekstur á milli Veiðimálastofnunar og Veiðimálastjóra (nú Landbúnaðarstofnunar)sem við lýði hefur verið. Í ljósi þessa er ekki hægt að finna það hlutleysi sem á að vera á milli áðurnefndra aðila hvort sem það er Veiðimálastofnun sem er að sækja um styrki til Fiskræktarsjóðs eða Veiðimálastofnun sem er að sækja um leyfi til Veiðimálastjóra.

Auk þess minni ég aftur á það staka lán fyrir Veiðimálastofnun að hún skuli sinna allri fjárhagslegri umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð. Þetta kemur til af því að tekjur Fiskræktarsjóðs ráðast árlega af skírnum tekjum veiðifélaga landsins auk þeirra fjármuna sem koma frá ríkinu til sjóðsins. Af því leiðir að Veiðimálastofnun fær í hendurnar árlega gögn yfir það hvernig rekstur allra Veiðifélaga landsins hefur gengið árinu á undan. Af þessu hlýst væntanlega viðbótar hagræði enda getur komið sér að vita hvernig fjárhagsstaða Veiðifélaga er, því flestir sem kaupa rannsóknir og þjónustu á þessu sviði koma úr þeirra röðum.

Ég læt þetta nægja að sinni og eru samt ótalin réttlætismál sem ég kom inn á í gær og varða samkeppnislög og ýmis konar hagsmunaaðreksstra sem koma til vegna þess að Veiðimálastofnun er ætlað það ókleifa að starfa sem hlutlaus aðili að lögboðnum umsögnum o.p.h. verkum en samtímis að starfa í bullandi samkeppni á sama sviði. Skal að gefnu tilefni undirstrikað að helsta samkeppni í starfsemi Veiðimálastofnunar m.t.t. einkaaðila á sama sviði eru grunnrannsóknir á næstliðnum árum en ekki þjónusturannsóknir.

Það er von mín að Landbúnaðarráðuneytið stöðvi nefnt vafstur Veiðimálastofnunar í fjármálum annarra stofnanna Landbúnaðarráðuneytisins og ítreka ég ósk mína um það að ég vil svör um það frá ykkur hvenær það á að gerast.

Enn og aftur mínar bestu réttlætiskveðjur,

Jóhannes Sturlaugsson

Afrit send tveimur skrifstofustjórum í Landbúnaðarráðuneytinu þeim Hákonni Sigurgrímssyni og Níels Árna Lund enda málefni sem varðar Landbúnaðarráðuneytið almennt og þarf einnig að vistast sem slíkt.

\*\*\*\*\*

Jóhannes Sturlaugsson

Johannes Sturlaugsson

Laxfiskar ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær

Salmon and Trout Research  
Hradastadir 1, P.O.Box 280  
IS - 270 Mosfellsbaer  
Iceland

Sími: 664 70 80

Phone: +354 664 70 80

Tölvupóstfang:

[johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Email: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

\*\*\*\*\*

----- Original Message -----

From: Hakon Sigurgrimsson

To: gudni.agustsson@lan.stjr.is

Cc: Óðinn Sigbórsson ; niels.arni.lund@lan.stjr.is ; hakon.sigurgrimsson@lan.stjr.is

Sent: Wednesday, April 26, 2006 5:52 PM

Subject: Ósk um að farið sé að stjórnarsýsluögum - vanhæfi

Landbúnaðarráðuneyti  
b/t Guðna Ágústssonar  
Sölvhólgata 7  
150 Reykjavík

26. apríl 2006

Erindi: Vanhæfi Óðins Sigbórssonar stjórnarmanns Veiðimálastofnunar til setu í stjórn Fiskræktarsjóðs

Sæll Guðni,

Í morgun fékk undirritaður send gögn frá Óðni Sigbórssyni er sýna hvernig Fiskræktarsjóður afgreiddi hluta þeirra styrkumsókna sem sjóðurinn tók fyrir vor/sumar 2005. Á þessu afriti fundargerðarinnar (1 bls) kemur fram að við afgreiðslu 2005 vék Óðinn Sigbórsson af fundi þegar til lokaafgreiðslu voru teknar þær 2 styrkumsóknir sem vörðuðu Veiðimálastofnun og komu fyrir á þessu blaði.

Líkt og ég greindi þér og öðrum fundarmönnum frá á fundi SVFR og Landsambands stangaveiðifélaga í gærkveldi þá er ýmislegt í ólagi í starfsumhverfi þeirra einkaaðila sem stunda rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra og tilheyrandi ráðgjöf í samkeppni við Veiðimálastofnun, sem er ríkisrekni rannsóknaraðilinn á þessu sviði. Eitt af því sem ég nefndi til sögunnar á sviði stjórnsýslumála sem væri til vansa fyrir Veiðimálastofnun og þar með Landbúnaðarráðuneytið varðaði störf Óðins Sigbórssonar stjórnarmanns hjá Veiðimálastofnun sem jafnframt er nefndarmaður í úthlutunarnefnd Fiskræktarsjóðs (Veiðimálanefnd). Í framhaldi af því sendi hann einblöðunginn til okkar í dag sem í reynd breytir engu um það sem fram kom í gær og verður það rakið hér að neðan. **Hér ítreka ég það að þú sem yfirmaður þessa málafllokks sjáir sóma þinn í því að koma málum þessum í lag.**

Í máli mínu í gærkveldi kom fram að störf Fiskræktarsjóðs byggðust á því annarsvegar að taka afstöðu til verkefna sem Veiðimálastofnun sækir um styrki til handa og hinsvegar að afgreiða umsóknir einkaaðila og félaga sem keppa við Veiðimálastofnun um þá styrki. Við afgreiðslu styrkja væri Óðinn Sigbórsson vanhæfur hvort heldur að um Veiðimálastofnun væri að ræða eða samkeppnisaðila þeirrar stofnunar af augljósum ástæðum, þar sem hvorutveggja hefur áhrif á það hvað Veiðimálastofnun ber úr bítum frá Fiskræktarsjóði. Hér er því við að bæta að sem ekki var nefnt í gær og skiptir ekki minna máli, sem er það að Óðinn Sigbórsson stjórnarmaður Veiðimálastofnunar fær með setu sinni í Fiskræktarsjóði færi á að skoða í þau hvernig rannsóknir samkeppnisaðila Veiðimálastofnunar eru skipulagðar og hver sé framvinda þeirra. Af framansögðu er öllum ljóst sem leggja sig eftir því að lesa II. kafla stjórnsýslulaganna að Óðinn Sigbórsson er vanhæfur til starfa fyrir Fiskræktarsjóð og það vanhæfi er af þeirri stærðargráðu að það leiðir til þess sem kallað er almennt vanhæfi, þ.e.a.s. í reynd er honum ekki stætt á að gegna störfum fyrir Fiskræktarsjóð. Í dag hef ég meðal annars rætt vanhæfismál við ritara Úrskurðarmála upplýsingamála í Forsætisráðuneytinu til þess að átta mig betur á þessum lögum.

Varðandi setu Óðins í Fiskræktarsjóði þá vill undirritaður benda á það að umrædd 2 tilvik sem vitnað er til af hálfu Óðins eru þau fyrstu sem undirritaður veit til að Óðinn Sigþórsson stjórnarmaður Veiðimálastofnunar hafi vikið af fundi vegna afgreiðslu málefna sem varða styrkveitingar til Veiðimálastofnunar. Undirritaður bendir m.a. á styrkafgreiðsluafgreiðslur Fiskræktarsjóðs 2003 þessu máli sínu til stuðnings en fundargerðir þar að lútandi sýna þetta (fundur 4. júní 2003). Þær sömu fundargerðir sýna að þá þeim fundi ákvað Óðinn að víkja af fundi þegar styrkmálefni Landsambands veiðifélaga (LV) voru afgreidd (Veiðimálastofnun vann síðan þá faglegu vinnu sem í þeim verkefnum var fólgin fyrir LV). Af ofansögðu sést að það eru nýmæli að Óðinn víki af fundi við lokaafgreiðslu styrkja til Veiðimálastofnunar. Ennfremur er ljóst að enn situr Óðinn sem fastast við afgreiðslu styrkumsókna frá samkeppnisaðilum Veiðimálastofnunar og hefur í sínum forum gögn er varða þau verk svo sem varðandi aðferðafræði verkefnanna sem ljóst má vera að samkeppnisaðilar kjósa ekki að sé í höndum hins ríkisrekna samkeppnisaðila.

Hér að neðan er að finna úrskurð Úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem fjallað var um aðgang undirritaðs að gögnum hjá Fiskræktarsjóði og Veiðimálastofnun sem vörðuðu rannsóknaverkefni sem hann skipulagði og var verkefnisstjóri að þegar starf hans var lagt niður hjá Veiðimálastofnun. Í þeim gögnum Forætisráðuneytisins (sem og fornum undirritaðs og Fiskræktarsjóðs) er að finna þau gögn sem undirritaður vitnar til varðandi það hverjir sátu eða sátu hjá við afgreiðslur styrkja á fundum Fiskræktarsjóðs 2003 og reyndar einnig 2002.

A-170/2004 Úrskurður frá 26. mars 2004, sjá með því að fara á eftirfarandi tengil:

<http://ursk.forsaetisraduneyti.is/urskurdir/nr/1550>

Málið sem bar hæst í þeim verkefnum sem undirritaður hafði með höndum er starf hans var lagt niður hjá Veiðimálastofnun og Úrskurðarnefnd fjallaði um í ofangreindum úrskurði varðaði rannsóknir sem byggðust þá á 10 ára fúmherjastarfi undirritaðs sem ég hafði unnið að í samstarfi við Stjörnu-Odda (eini aðilinn sem að því kom af hálfu Veiðimálastofnunar öll árin) og í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun. Þessar rannsóknir sem gengu út á að merkja gönguseiði laxa með mælimerkjum til að kanna ferðir, hegðun og umhverfi laxa í sjó hafði undirritaður skipulagt og komið formlega á dagskrá áður en starf mitt var lagt niður hjá Veiðimálastofnun. Nú bregður svo við í liðinni viku að undirritaður fór á árfund Veiðimálastofnunar, þar sem þú Guðni varst staddur sem og Óðinn Sigþórsson. Í inngangserindi framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar kom fram að Veiðimálastofnun hefðu fyrstir allra hafið rannsóknir á laxi í sjó með mælimerkingum gönguseiða og sama var að finna í ársskýrslu Veiðimálastofnunar svo sem eftirfarandi tilvitnun skýrslunnar vitnar um ("..... Veiðimálastofnun nýtir fyrst allra í gönguseiði laxa"). Reyndin var sú líkt og ég kom á framfæri við fundarmenn í lok þess fundar, að það var rannsóknarfyrirtæki mitt Laxfiskar ehf sem fyrst allra framkvæmdi slíkar merkingar og einnig státa Laxfiskar einir rannsóknaraðila á þessu sviði á heimssvísu að eiga nú þegar í þússi sínu gögn yfir heildarferðalag laxins frá árósum út í úthaf og heim í ána á ný og það frá nokkrum fiskum. Því skyldi ég nefna þetta hér? Jú þrjár megin ástæður koma til.

1) Í fyrsta lagi vegna þess að allir sem tengdust Veiðimálastofnun á þeim tíma er starf mitt var lagt niður hjá Veiðimálastofnun vissu hve neyðarlegt mál það var fyrir Veiðimálastofnun að ekki sé meira sagt að sinni a.m.k., ekki síst m.t.t. þess rannsóknaverkefnis sem hér var vitnað til. Þessu til staðfestingar vitna ég hér að neðan til tveggja opinberra úrskurða. Annarsvegar úrskurðar Laganefndar BHM 1.a) og hinsvegar Umboðsmanns Alþingis 1.b). Af þeim sökum var það ósmekklegra en ella að standa í slíkri staðreyndatilfærslu.

1.a.) Starfshættir framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar hafa ekki verið samkvæmt lögum sem gilda um stjórnábylgjum og starfshætti, sem hlýtur að teljast bagalegt þegar um er að ræða framkvæmdastjóra ríkisstofnunar. Staðfest dæmi um þetta er að finna í úrskurð Laganeftdar BHM frá nóvember 2004: *Mál nr. LN 03-02* sjá eftirfarandi tengil á vefsíðu BHM: <http://www2.bhm.is/main/view.jsp?branch=485520>

þar sem m.a eftirfarandi upplýsingar úrskurðarins er að finna:

*"Laganeftnd telur sig ekki geta kveðið upp úr um það hvort um einelti var að ræða. Neftndin telur þó ljóst að framkvæmdastjórinn hafi í samskiptum sínum við J hvorki farið að stjórnábylgjum né gætt góðra stjórnábylgjuháttanna" Ennfremur segir eftirfarandi: "Neftndin álitur hins vegar að það bendi til þess að niðurlagning stöðu J hafi ekki byggst á málefnalegum forsendum. Ennfremur verður VMST að gæta þess við framkvæmd umræddra rannsókna að fara að samkeppnislögum".*

1.b.) Álit Umboðsmanns Alþingis vegna starfshátta framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar við niðurlagningu starfs. Mál: *Opinberir starfsmenn. Lausn frá störfum vegna sparnaðar. Rannsóknarreglan. Leiðbeiningar um rétt til rökstuðnings. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. Vandaðir stjórnábylgjuháttir. (Mál nr. 4018/2004).* sjá eftirfarandi tengil á vefsíðu Umboðsmanns:

<http://www.umbodsmaduralthingis.is/skyrslur/skoda.asp?Lykill=1113&Skoda=Mal>

2) Í annan stað vitna ég til þess hve auðvirðilegt það er að eigna sér verk annarra og hefur slíkt þótt allra ræfilslegast hjá þeim sem flokka sig til vísindamanna. Framkvæmdastjóri vissi allt um þetta því hann hafði víst farið hamförum í kjölfar þess er fréttir bárust af upphafi rannsókna minna í Ríkissjónvarpinu og líklega ekki verið betur stemmdur þegar skýrt var frá því í fréttum ríkissjónvarpsins s.l. haust að Laxfiskar ehf hefði endurheimt fyrstu laxana úr sjó þar sem tiltæk væru mæligögn yfir heildarferðalag þeirra í sjó. Mögulegt er að ég sjái ástæðu að kæra þetta til vísindasiðanefndar en er reyndar farin að þreytast á því að kæra alla mögulega hluti bara til þess að menn hagi sem slíkir væru. Minnistæð er kæra mín til Landbúnaðarráðuneytisins um ákvörðun Fiskræktarsjóðs er varðaði það að sjóðurinn hafnaði umsókn minni með vísun í það að hún væri ekki á starfsviði Fiskræktarsjóðs. Lögfræðingar Landbúnaðarráðuneytis og þú reyndust hinsvegar á öndverðri skoðun við sjóðinn eftir að hafa lesið röksemdir mínar og þú eigin hendi afturkallaðir ákvörðun Fiskræktarsjóðs úr gildi 14. febrúar 2004 með eftirfarandi úrskurðarorðum:

*"Ákvörðun kærðu dags. 14. apríl um að synja kæranda um styrk úr Fiskræktarsjóði er úr gildi feld."*

Skyldi ég hafa fengið styrkinn í kjölfarið? Aldeilis ekki, því nú fann sjóðurinn það út að fyrst verkefnið væri á starfsviði sjóðsins þá væri það ekki nægilega áhugavert. Víst skipti meiru fyrir mitt rannsóknarfyrirtæki að eiga möguleika á styrkjum til rannsókna frá Fiskræktarsjóði heldur en að halda áfram með þetta kærsmål jafn sérkennileg og málsmeðferð sjóðsins var þó orðin. Því verður nefnilega ekki breytt að Fiskræktarsjóður er eini haldbæri möguleikinn frá ári til árs að fá styrki í rannsóknir í mínu starfsumhverfi. Það breytir sem fyrr ekki því að þrátt fyrir að Laxfiskar líkt og aðrir rannsóknaraðilar eigi Fiskræktarsjóði margt gott að þakka, þá verður að teljast eðlilegt að fá að benda á þá galla sem í kerfinu eru og einn slíkur er vanhæfi Óðins Sigþórssonar vegna setu hans í stjórn Fiskræktarsjóðs.

3) Í þriðja lagi nefni ég þetta nú af því að á ársfundi Veiðimálastofnunar í liðinni viku þá nefndi ég sérstaklega og beindi orðum mínum til þín svo öllum fundarmönnum var ljóst. Að það væri við hæfi að einkaðilar í rannsóknum á borð við rannsóknarfyrirtæki mitt tækju yfir eitthvað af þeim rannsóknum sem væru að ríða fjárhag Veiðimálastofnunar á slig, svo mjög að hallarekstur Veiðimálastofnunar væri vaxandi og viðvarandi á meðan ný lagafrumvörp um þetta starfsumhverfi þvergirtu fyrir eðlilegt jafnræði einkaaðila samanborið við aðstöðu Veiðimálastofnunar. Neftndi ég sem dæmi umræddar rannsóknir á laxi í sjó sem byggja á mælimerkingum gönguseiða laxa, enda gæti fyrirtæki mitt sökum fyrirliggjandi þekkingar,

aðstöðu og annarra þátt sem varða hagkvæmni verkefnisins framkvæmt verkið á hagkvæmari máta en Veiðimálastofnun. Þá sagði ég og endurtek nú að þessum síðustu tímum ættu menn að fagna einkaframtaki á þessu sviði sem öðrum og færa sér í nyt eftir mátti. Þetta á ekki síst við þegar ríkisstofnanir í samkeppni á borð við Veiðimálastofnun, sem átölulaust hefur farið gríðarlega fram úr fjárlögum (allt að 30% halli/ár miðað ríkisframlagið) án þess að framkvæmdastjóri og stjórn sæti nokkurri ábyrgð.

Áður en ég lýk þessu erindi mínu sem varðar vanhæfi Óðins Sigbórssonar sem stjórnarmanns í Fiskræktarsjóði, þá ætla ég að benda á 2 lítil dæmi sem eru á sinn dæmi um þá hlutdrægni sem er að finna í hans stjórnunarháttum. Eins og kom fram á fundi um lagafrumvörp í gærkveldi, þá gegnir Óðinn Sigbórsson fleiri opinberum embættum en þeim tveimur sem nefnd hafa verið. Eitt þeirra er formennska fyrir Landsamband Veiðifélaga.

Á aðalfundi Landsambands Veiðifélaga sem haldinn var að Skógum undir Eyjafjöllum dagana 11.-12. júní 2004 var samþykkt eftirfarandi greinagerð (úr Fréttabréfi LV nr. 82 17. ágúst 2004):

*"Mörg undanfarin hefur Veiðimálastofnun verið rekin með halla. Fjárveitingar til rannsókna í ám og vötnum eru lágar þegar borið er saman við fjárveitingar til rannsókna í öðrum atvinnugreinum. Árið 2004 er fjárveiting til stofnunarinnar 55,5 milljónir króna. Ljóst er að sú upphæð dugar ekki til að halda uppi óbreyttri starfsemi og er skorað á ladnbúnaðarráðherra og Fjárlaganefnd að auka það framlag svo tryggja megi reksturinn"*

Undirritaður hefði haldið að það hefði verið smekklegra að vitna til rannsóknarmálaflokksins í heild án þess að tiltaka þarfir Veiðimálastofnunnar einnar, enda þótt reksturinn gengi illa. Af hverju þarf Veiðimálastofnun líka að þenja rekstur sinn í allar áttir þegar fjármunir eru takmarkaðir? Málið er að einkaðilar, hvort sem það eru sjálfstætt starfandi rannsóknarfyrirtæki, einstaklingar eða sérfræðingar verkfræðiskrifstofa geta séð um alla þá vinnu sem samkeppni er um.

Annað lítið dæmi um þetta og óbeinna er frá Kastljóspætti sjónvarps þar sem Óðinn Sigbórsson og Sigurður Guðjónsson mættu saman í til að spjalla almennt um laxveiði sumarsins o. fl. Því tengt á liðnu hausti nokkrum dögum eftir að greint var frá því að fyrstu mælimerktu laxarnir væru komnir í hús frá rannsóknum Laxfiska. Þá sá Óðinn Sigbórsson formaður Landssambands Veiðifélaga með meiru ekki ástæðu til þess að víkja að þeim fréttum einu orði enda þótt eitt og sér að það væri frétt á heimsvísu í rannsóknum á laxi að þessum áfanga væri náð og gaman væri til þess að vita að sá áfangi hefði fyrst náðst hér.

Meðfylgjandi hér að neðan er sá kafli stjórnsýslulaganna sem vitnað var til fyrr í bréfinu.

## **II. kafli. Sérstakt hæfi.**

### **3. gr. Vanhæfisástæður.**

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.]1)
6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjórlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

1)L. 49/2002, 1. gr.

Í lokin ítreka ég ósk mína um það að Óðinn Sigbórsson og um leið aðrir stjórnarmenn Veiðimálastofnunar sitji ekki í stjórn Fiskræktarsjóðs með vísun í áður nefnt vanhæfi sem af því hlýst.

Réttlætiskveðjur,

Jóhannes Sturlaugsson

Afrit send tveimur skrifstofustjórum í Landbúnaðarráðuneytinu þeim Hákonni Sigurgrímssyni og Níels Árna Lund enda málefni sem varðar Landbúnaðarráðuneytið almennt og þarf einnig að vistast sem slíkt.

\*\*\*\*\*

Jóhannes Sturlaugsson

Johannes Sturlaugsson

Laxfiskar ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær

Salmon and Trout Research  
Hradastadir 1, P.O.Box 280  
IS - 270 Mosfellsbaer  
Iceland

Sími: 664 70 80

Phone: +354 664 70 80

Tölvupóstfang:

[johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Email: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

\*\*\*\*\*

----- Original Message -----

To: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Cc: [gudni.agustsson@lan.stir.is](mailto:gudni.agustsson@lan.stir.is)

Sent: Wednesday, April 26, 2006 11:12 AM

Subject: Emailing: 20060426103916163

Sæll Jóhannes.

Sendi þér úrdrátt úr fundargerð Veiðimálanefndar í tilefni af ummælum þínum á fundi í gær. Vek athygli þína á liðum 1.18 og 1.19.

Kv Óðinn Sigbórsson